

Hvatningarverðlaun jafnréttismála 2017

-Umsögn dómnefndar

Hvatningarverðlaun jafnréttismála eru nú veitt í fjórða sinn. Markmiðið með Hvatningarverðlaununum er að vekja jákvæða athygli á fyrirtækjum sem sett hafa jafnrétti á oddinn og jafnframt að hvetja önnur fyrirtæki til að gera slíkt hið sama. Verðlaunin eru veitt fyrirtæki sem hefur stuðlað að auknum möguleikum beggja kynja til starfsframa, jöfnum launum kynjanna, jöfnum hlutfalla kynjanna í stjórnendastöðum og aukinni vitund um þann ávinning sem jafnrétti hefur fyrir fyrirtækið og samfélagið.

Það vakti athygli dómnefndar hversu mörg fyrirtæki sem tilnefnd voru fylgja eftir mælanlegri jafnréttisstefnu. Ennfremur vakti það ánægju dómnefndar að sjá hversu mörg fyrirtæki horfðu út fyrir vinnustaðinn og starfsemina til að stuðla að auknu jafnrétti á vinnumarkaði. Dómnefnd hvetur fyrirtæki eindregið til að senda aftur inn tilnefningar að ári liðnu.

Það fyrirtæki sem hlýtur verðlaunin í ár hefur unnið markvisst í því að jafna stöðu kynjanna í karllægum geira á öllum sviðum fyrirtækisins. Jafnréttisstefna þess er samofin mannauðsstefnu fyrirtækisins og snýr að því að laða að fjölbreyttan hóp til starfa. Karlar eru markvisst ráðnir í deildir þar sem konur eru ráðandi og konur sömuleiðis í deildir þar sem karlar eru ráðandi. Á þann hátt telur fyrirtækið að hægt sé að sporna við myndun „karlastarfa“ og „kvennastarfa“. Með markvissum aðgerðum hefur fyrirtækið náð góðum árangri í starfsþróun innan fyrirtækisins með það að markmiði að auka jafnrétti. Fyrirtækið hefur lagt ríka áherslu á að skapa sveigjanlegt vinnuumhverfi sem er aðlaðandi fyrir bæði karla og konur. Jafnréttisnefnd er starfrækt innan fyrirtækisins og unnið er eftir jafnréttisáætlun sem er uppfærð reglulega miðað við niðurstöður vinnustaðagreininga og í samstarfi við starfsfólk. Fyrirtækið hefur fengið gullmerki í jafnlaunaúttekt PWC. Gullmerkið er veitt fyrirtækjum þar sem launamunur kynjanna er innan við 3,5%.

Að mati dómnefndar hefur fyrirtækið náð góðum árangri bæði í innra og ytra umhverfi fyrirtækisins sem stuðlar að auknu jafnrétti. Það er skýr stefna fyrirtækisins að vera til fyrirmyndar í jafnréttismálum og ber kynningarefni þess skýr merki um það. Fyrirtækið hefur lagt sitt að mörkum til að uppræta staðalmyndir í þjóðfélaginu í markaðsefni sínu og birt auglýsingar þar sem pör af sama kyni eru sýnd til jafns við önnur fjölskyldumynstur. Fyrirtækið sýnir jafnframt sterka ábyrgð í verki á kynningu á sinni vöru og þjónustu. Fyrirtækið hefur með fræðslu og samstarfi við góðgerðarsamtök haft áhrif á umræðu og vitundarvakningu í tengslum við kynbundið ofbeldi og hrelliklám. Sem stórt fyrirtæki á íslenskum tæknimarkaði er það til fyrirmyndar í jafnréttismálum og ber þess merki að það muni halda áfram á þessari vegferð til aukins jafnréttis.

Verðlaunin í ár, samkvæmt einróma niðurstöðu dómnefndar, hlýtur: Vodafone.

Pórlindur Kjartansson, formaður dómnefndar fyrir hönd ANR

Sólveig Gunnarsdóttir fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins

Randver C. Fleckenstein fyrir hönd Festu-miðstöð samfélagsábyrgðar

Soffía Sigurgeirsdóttir fyrir hönd UN Women á Íslandi